

sem í rauninni menta menn mest og bezt. Sá maður, sem aldrei stígur fæti inn fyrir dyr í nokkrum skóla, getur haft mikla reynslumentun; og eins getur sá, sem eitt-hvað hefir í skólum lært, verið mjög snauður af þeirri mentun, ef lífsreynsla hans er mjög takmörkuð. Alt slíkt fer eftir því hversu viðtæk lífsreynslan er og hversu vel menn kunna að nota hana sér til mentunar. Mentun fæst í raun og veru alstaðar, vegna þess að alstaðar eru möguleikar til að þroska einhverja hæfileika. Skólanám og bóknám eru ekki nema lítill hluti allrar mentunar. Það væri ómögulegt fyrir nokkurn mann með heilbrigðri skynsemi að vera með öllu mentunarlaus, nema hann væri frá barnæsku laus við öll áhrif frá siðuðu mannfélagi.

En þótt skólamentunin sé ekki nema lítill hluti allrar mentunar, er hún samt alveg nauðsynleg; og án skóla hlyti allri mentun að hnigna mjög mikið; jafnvel mikið af henni mundi líða alveg undir lok, ef ekki væru til skólar til að halda henni við og auka hana.

Frá því fyrst að einn maður vissi meira en aðrir, vegna þess að hann var skarpskygnari og athugalli en þeir, hefir kensla átt sér stað; hinir fróðu hafa alltaf frætt þá fáfróðu. Skólar eru ekkert annað en stofnanir, þar sem að þeir, er vilja fræðast um viss efni, fram yfir það sem